



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit

# STARFSLEYFI

fyrir flutning úrgangs og spilliefna og bifreiða- og vélaverkstæði (Hreinsitækni) að Stórhöfða 37

Nafn leyfishafa: Hreinsitækni ehf.

Heimilisfang: Stórhöfði 37

Póstnúmer: 110

Kennitala: 621293-2069

**Útgáfudagur leyfis: 16. júlí 2019**

**Gildir til: 16. júlí 2031**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning spilliefna, skilyrðum fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum, almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og samræmdum skilyrðum fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 16. júlí 2019



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

# Hreinsitækni ehf.

kt. 621293-2069

**Stórhöfða 37, 110 R.**

**Starfsleyfi fyrir Hreinsitækni ehf., 110 R.**

## 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók 07.06.2019. umsókn Hreinsitækni ehf. kt. 621293-2069, um starfsleyfi fyrir flutning á úrgangi og spilliefnum ásamt rekstur bifreiða- og vélaverkstæðis. Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), [www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur), þann 12.06.2019. Tillaga að starfsleyfi er fyrir mengandi starfsemi sem í þessu tilfelli er flutningur á úrgangi og spilliefnum og bifreiða- og vélaverkstæði sbr. ákvæði í rlg. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnir. Samkvæmt ákvæðum í gr. 6 í rlg. 550/2018 þarf að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi en tekin var ákvörðun um að auglýsa starfsleyfið í heild. Í tillögu að starfsleyfi er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fyrir flutning á spilliefnum, flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum og almenn bifreiðaverkstæði.

## 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi fyrir rekstur sem hefur verið starfræktur um árabíl. Ekki var talin þörf á að leita umsagnar byggingafulltrúa.

## 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Hreinsitækni ehf. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 12.06.2019 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 12.07.2019.

## 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

## 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.



## **6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis**

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn Hreinsitækni ehf. tekin fyrir á 1385. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 16.07.2019 og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 12 ára.

## **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 16.07.2019.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

---

Árný Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri



## Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

### 1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **3. Meðferð hættulegra efna**

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4. Meðferð úrgangs og spilliefna**

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
  - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
  - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
  - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
  - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
  - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

## 5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

## **6. Eigið eftirlit og skráningar**

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
  - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
  - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## **7 Starfsemi hætt**

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

## Starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

### 2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaferi eða valdi slyshættu.
- 2.3 Gámum og öðrum flátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.3 Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

### 3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olúhreinisefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúgildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olúefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.6 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.

### 4. Geymsla á olíu og olúefnum

- 4.1 Eldsneytistankar og olúlagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, m.s.b.
- 4.2 Díselolútankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olúgildru.
- 4.3 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olúefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

### 5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Ópressaðar olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olúsíum má skila með málmúrgangi.
- 5.2 Olúmenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.
- 5.3 Ganga skal frá olúsmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætta á mengun.
- 5.4 Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- 5.5 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.6 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

*Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999  
um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari  
breytingum*

## **Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á spilliefnum**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á spilliefnum öðrum en þeim sem flutt eru með dælubifreiðum. Starfsleyfi sem gefin eru út á grunni þeirra falla úr gildi ef skipt er um eigendur eða starfsemin flytur. Starfsleyfissskilyrðin gilda fyrir flutning á spilliefnum frá móttökustöð til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu.
- Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlittsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlittsvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfissskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
- Magn og gerð spilliefna sem flutt eru.
  - Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
  - Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
  - Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
  - Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

## 2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að spilliefni geti ekki fallið af þeim og/eða lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Spilliefnum skal pakkað í lokuð ílát sem heilbrigðiseftirlit samþykkir og geta þau verið mismunandi eftir flutningsleiðum. Ílát skulu tryggilega fest þannig að þau kastist ekki til og tolli í farmrými ef óhöpp verða. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal spilliefnum skal pakkað í tryggilega lokuð ílát, þ.e. gjarðtunnur, málmkör eða annað sem ekki lekur ef til þess kæmi að bifreið myndi velta. Allur flutningur spilliefna um eða yfir brunnsvæði vatnsbóla er bannaður.
- 2.3 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990. Sá sem tekur við spilliefnum til flutnings skal ganga úr skugga um að umbúðir séu rétt merktar og að farmbréf fylgi. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekkt spilliefni.
- 2.4 Rekstraraðili skal hafa tiltækar upplýsingar um eigileika hættulegra efna og úrgangs í stjórnhúsi flutningstækis. Ennfremur skulu vera upplýsingar um eitrunareinkenni efna og úrgangs sem fluttur er, ásamt fyrstu hjálp og viðbrögð við bruna, leka eða slysi. Samskonar upplýsingar skulu vera í aðsetri fyrirtækisins. Þær skulu vera á íslensku eða tungumáli sem ökumaður skilur.
- 2.5 Í bifreiðum sem flytja fljótandi spilliefni ber að hafa til taks efni eða búnað sem sýgur í sig viðkomandi vökva og nota ef óhapp verður. Hvers konar óhöpp þar sem flutningur spilliefna á í hlut ber að tilkynna til neyðarlínu í síma 112.
- 2.6 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 2.7 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

### 3. Eftirlit með færanlegri starfsemi

- 3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færanlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

### 4. Ýmis ákvæði

- 4.1 Eintak af starfsreglum þessum skulu ávalt tiltæk á vinnustað.
- 4.2 Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 4.3 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.

## Starfsleyfisráði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR

### Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

*Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum*

## **Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á úrgangi frá sörpílátum til móttökustöðvar, frá starfsstöðvum til móttökustöðvar eða frá móttökustöðvum til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu.  
Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlittsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlittsvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfissskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Magn og gerð úrgangs sem flutt eru.
  - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
  - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
  - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
  - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

## 2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að sorp eða úrgangur geti ekki fallið af þeim og/eða úrgangur lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal gæta sérstakrar varðúðar.
- 2.3 Einungis er heimilt að losa heimilissorp og framleiðsluúrgang á viðurkenndum sorpmóttöku- eða förgunarstöðum.
- 2.4 Ílát fyrir úrgang skulu merkt svon ekki fari milli mála hvað verið sé að flytja. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekktan.
- 2.5 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða ónæðis.
- 2.6 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

## 3. Eftirlit með færanlegri starfsemi

- 3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færanlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

## Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR

### **Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:**

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.



Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir flutning úrgangs  
Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

útgága  
desember  
2006